

# Íslenskur iðnaður

3. og 4. tölublað 20. árg.

Mars/Apríl 2014

Samtök iðnaðarins

SI

## Drifkraftur nýrrar sóknar

Fullt var út að dyrum á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins sem haldið var í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal 6. mars. Tæplega 400 manns hlustuðu á spennandi og áhuga-verð erindi á einu fjölmennasta Iðnþingi frá upphafi.

Á þinginu var fagnað 20 ára afmæli SI og fjallað um fjölbreyttan iðnað sem drifkraft nýrrar sóknar og endurreisnar íslensks efnahagslífs.

Sjá nánar bls. 4 til 5.



Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls, fundarstjóri Iðnþings



Gylfi



Aðalheiður



Guðmundur



Bergsteinn



bls. 2

Leiðari:  
Samstaða



bls. 3

Nýr  
stjórnar-  
maður SI



bls. 4 - 5

Iðnþing 2014  
Drifkraftur  
nýrrar sóknar



bls. 8

Glæsilegt  
Íslandsmót  
iðn- og  
verkgreina



bls. 10-11

Svipmyndir  
frá  
Árshófi SI

# Samstaða

Fyrir réttu ári urðu ríkisstjórnarskipti hér á landi. Ríkisstjórnin, sem kenndi sig við norræna velferð, féll á eftirminnilegan hátt og við tók ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Okkur atvinnurekendum þótti fráfarandi stjórn ekki verðskulda mikið hrós fyrir frammistöðu sína á þeim fjórum árum sem hún var við völd enda lagði hún, að okkar mati, mun meiri álögur á atvinnulífið en efni stóðu til. Því voru miklar vonir bundnar við nýja ríkisstjórn sem brygðist skjótt við og grípi til aðgerða sem örvað gætu atvinnulífið.

Því miður hafa þær vonir ekki ræst og aðgerðirnar hafa að mestu látið á sér standa. Atvinnulífið hefur heldur ekki fengið þá viðspyrnu sem þjóðin þarf sárlega á að halda til að bæta sinn hag.

## Tryggingargjald

Það olli afar miklum vonbrigðum að tryggingagjald fyrirtækja skyldi ekki vera lækkað í síðustu fjárlögum þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi. Ennfremur eru vextir sem atvinnulífið og almenningur búa við enn of háir, þótt ekki sé við ríkisstjórnina að sakast í þeim eignum.

Það gegnir líka furðu að Seðlabanki Íslands skuli ekki hafa lækkað stýrivexti þrátt fyrir minni verðbólgu. Þessi tvö atriði eru m.a. ástæða þess að atvinnulífið nær sér ekki á strik. Stýrivextir hafa haldist óbreyttir í 6% frá því í desember árið 2012 eða í 15 mánuði! Haldnir hafa verið tíu vaxtaákvörðunarfundir í röð þar sem horft hefur verið framhjá neyðarkalli atvinnurekenda og verkálýðshreyfingarinnar sem eru að sligast undan því að fjármagna sig í þessu hávaxtaumhverfi.

Jafnvel þegar vextir voru í sögulegu lágmarki á Íslandi voru þeir engu að síður margfalt hærri en stýrivextir í nágrannalöndum okkar, svo að ekki sé talað um vexti bandaríska seðlabankans eða vexti á evrusvæðinu. Það er því ekki ósanngjörn krafa að þeir, sem fara með stjórn peningastefnunnar, leiti markvissari leiða til að hemja verðbólguna í stað þess að vaxtaþína þá sem af veikum mætti reyna að skapa atvinnu hér landi.

Tryggingagjaldið sem samkvæmt lögum á að fjármagna Atvinnuleysis-tryggingarsjóð stendur nú í 7,59%, hvorki meira né minna. Síðasta ríkis-

stjórn hækkaði tryggingagjaldið með því fororði að það yrði lækkað aftur um leið og hægt yrði. Þetta loforð hefur ítrekað verið svikið.

Alþjóðlega fjármálahrunið árið 2008 hafði í för með sér fjölmörg skakkaföll fyrir almenning hér á landi og um leið fjárhag hins opinbera. Ljóst var að þjóðin yrði að taka höndum saman og hlaupa undir bagga með ríkissjóði. Launafólk tók á sig lækkun launa, frýstingu eða lægra starfshlutfall. Atvinnurekendur lögðu sitt af mörkum í formi hærri álaga. Tryggingagjald stóð í 5,34% árið 2007. Strax í júlí 2009 var það hækkað í 6,75% sem samsvarar um 26%. Hækkunin átti að vera tímabundin til að bæta stöðu Atvinnuleysistryggingarsjóðs en þvert á loforð ríkisstjórnarinnar héldu hækkunarirnar áfram. Tryggingagjaldið var enn hækkað um 30% strax ári síðar þegar það fór upp í 8,65%. Samtals tók atvinnulífið á sig 60% hækkun tryggingagjalds á tveimur árum. Á sama tíma börðust fyrirtækin í landinu við minnkandi veltu, við að tryggja starfsfólki sínu vinnu og mörg þurftu að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Þegar samið var um 3,25% hækkun launa í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar í kjarasamningum fyrir þremur árum var boðað að tryggingagjaldið yrði lækkað. Þessu lofuðu forkólfar vinstri stjórnarinnar, þau Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon til að fyrirtækin hefðu svigrúm til að taka á sig launahækkunirnar. Aftur var það svikið. Á sama tíma og fyrirtækin urðu að taka á sig verulega hækkun á launakostnaði, sem lítil innistæða var fyrir, þurftu þau áfram að borga himinhátt tryggingagjald. Tryggingagjaldið er enn í hæstu hæðum þó að staðan hafi batnað til muna og atvinnuleysi minnkað úr tæplega 10% í um 4%. Það er óásættanlegt.

Það voru fögur fyrirheit með komu nýrrar ríkisstjórnar og atvinnulífið bar af þeim sökum vonir um raunverulegar aðgerðir. Í atvinnulífinu var rætt um að búast mætti við að gjaldið yrði a.m.k. lækkað um 1,0% í fyrsta fjárlagafrumvarpi nýrrar ríkisstjórnar. Það urðu því mikil vonbrigði að tryggingagjaldið var aðeins lækkað um 0,1% um síðustu áramót eða tíu sinnum minna en vonir



**Guðrún Hafsteinsdóttir**  
formaður SI

stóðu til. Að vísu hefur frekari lækkun í jöfnum skrefum verið boðuð út kjörtímabilið en þetta skref er einfaldlega alltof lítið. Atvinnulífið þarf á meira að halda.

Myndarleg lækkun hefði virkað eins og vítamínsprautu fyrir atvinnulífið en í stað þess eru væntingar enn neikvæðar sem leiðir m.a. til of lítillar fjárfestingar. Þegar háir stýrivextir og hátt tryggingagjald fara saman dregur úr þrótti fyrirtækjanna. Lækkun vaxta og lækkun tryggingagjalds leiddi hins vegar til þess að fyrirtæki gætu hækkað laun og ráðið fleira fólk til starfa. Þetta ætti ný ríkisstjórn að vita.

Hins vegar ber að fagna því sem vel er gert og boðaðar breytingar fjármálaráðherra á vörugjalda- og virðisaukakerfinu yrðu gott skref. Það kerfi, sem nú er við lýði, er löngu úrelt og dýrt í rekstri, bæði fyrir ríkið og fyrirtækin í landinu. Ég tel að þær kerfisbreytingar, sem fjármálaráðherra hefur kynnt, muni auka verðmætasköpun í hagkerfinu og efla atvinnulífið. Það er vel og því ber að fagna.

Í tíð vinstri stjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna var sífellt alið á ófriði við almenning í landinu og atvinnulíf. Látum slíkt að baki. Það er kominn tími til að ríkisstjórn, atvinnulíf og fólk í landinu séu samstiga í því átaki að auka hér hagvöxt og framleiðni.

Atvinnulífið og fólk í landinu hafa fært fórnir. Nú er komið að stjórnvöldum að rétta okkur sáttahönd og létta okkur róðurinn. Við erum öll á sama báti og þurfum að róa í sömu átt.



## Nýir félagsmenn

**Evris advice ehf.**  
**Grandagarði 16**  
**101 Reykjavík**

**Trésmiðja Ísafjarðar ehf.**  
**Sindragötu 11**  
**400 Ísafirði**

**Heflun ehf.**  
**Lyngholti**  
**851 Hellu**

**Malbikun KM ehf.**  
**Óseyri 8**  
**600 Akureyri**

**Malbiksviðgerðir ehf.**  
**Aflakór 23**  
**203 Kópavogi**

**Kolbrún Grasalæknir ehf.**  
**Skipholti 33**  
**105 Reykjavík**

**Algalíf Iceland ehf.**  
**Bogatröð 10**  
**235 Keflavíkurflugvelli**

**B. Sturluson ehf.**  
**Vagnhöfða 9**  
**110 Reykjavík**

**Byggingafélagið Bakki ehf.**  
**Þverholti 2**  
**270 Mosfellsbæ**

**EcoNord Solutions ehf.**  
**Deildarási 20**  
**110 Reykjavík**

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
3.-4. tbl. 20. árg. Mars/Apríl 2014  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 14.4.2014  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Kristrún Heimisdóttir  
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



## Guðrún Hafsteinsdóttir nýr formaður Samtakanna



Úrslit í formannskjöri voru þau að Guðrún Hafsteinsdóttir hlaut 52,4% atkvæða en Svana Helen Björnsdóttir 43.8% atkvæða. Guðrún var því réttkjörin formaður fram að Iðnþingi 2015.

Kosið var um þrjú sæti í stjórn SI og var niðurstaða kosningarinnar sú að Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannvit var kjörin nýr í stjórn en Bolli Árnason, GT Tækni, Vilborg Einarsdóttir, Mentor og Sigsteinn P. Grétarsson, Marel voru í endurkjöri.

Fyrir í stjórn Samtakanna eru Andri

þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak og Ragnar Guðmundsson, Norðurál.

**Ráðgjafaráð:** Tveir sem koma næst að atkvæðatölu eru kjörin til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn SI, þeir Jón Gunnar Jónsson, Actavis. hf. og Lárus A. Jónsson, Rafþjónustan slf.

## Nýr stjórnarmaður Samtakanna

Eyjólfur Árni Rafnsson hefur starfað hjá Mannviti frá 2008 og þar áður hjá Hönnun, frá árinu 1984. Hann var framkvæmdastjóri Hönnunar frá 2003 og forstjóri Mannvits frá 2008 sem varð þá til við sameiningu VGK, Rafhönnunar og Hönnunar.

Eyjólfur Árni er húsasmiður og verkfræðingur að mennt með PhD gráðu frá University of Missouri-Rolla í USA. Eyjólfur Árni hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja, var um tíma varamaður í háskólaráði Háskóla Íslands, hefur setið í stjórn Háskólans í Reykjavík frá 2009 og stjórn Viðskiptaráðs undanfarin 4 ár. Eyjólfur Árni er kvæntur Egilínu S. Guðgeirsdóttur og eiga þau 4 börn.



# Iðnþing 2014 - Drifkraftur

Íræðu fráfarandi formanns SI, Svönu Helenar Björnsdóttur, og ávarpi Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðarráðherra, birtist sterkur samhljómur um vilja til að leysa úr læðingi vaxtakrafta efnahagslífsins til að Ísland nái fyrri stöðu sinni sem samkeppnishæft land, aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Drifkraftur nýrrar sóknar sé iðnaður í allri sinni fjölbreyttu og skapandi mynd.

Flutt voru þrjú erindi um tækifæri til nýrrar sóknar og hvað þarf til að byggja



upp fjölbreytt og verðmætaskapandi atvinnulíf sem tryggir þjóðinni góð lífskjör.

## **Þorsteinn Pálsson**

Ræða Þorsteins Pálssonar var í senn nákvæm greining á pólitískri stöðu atvinnulífsins og áhugverð sýn á framtíðina. Þorsteinn benti á að reiptog ólíkra hagsmuna gæti leitt til stöðnunar en að



sagan væri oft fyrsta vísbending um framvindu hlutanna.

Þorsteinn sagði flesta á einu máli um að stíga þurfi ný skref í alþjóðasamvinnu til að skapa frekari skilyrði til vaxtar. Deilan standi um hvort það eigi að gera innan ramma þess samstarfs sem efnahags- og utanríkispolitik landsins hefur byggst á til langs tíma eða með hinu að leita nýrra bandamanna.

## **Guðbjörg Edda Eggertsdóttir**

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis, beindi sjónum sínum að viðskiptatækifærum alþjóðlegra fyrirtækja hér á landi, hvað þurfi til að þau vaxi og



dafni. Hún sagði samkeppnishæfni Íslands ágæta hvað lyfjageirann varðar en þó megi gera betur. Í því samhengi nefndi hún sérstaklega endurbætur á skattkerfinu og að alþjóðleg fyrirtæki þyrftu stöðugleika og fyrirsjáanleika.

## **Hilmar Veigar Pétursson**

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, hélt afar skemmtilegt erindi sem vakið hefur mikla athygli. Í ræðunni sagði Hilmar frá stofnun CCP og gríðarlegri velgengni fyrirtækisins á liðnum árum og hvernig gengi að stýra alþjóðlegu fyrirtæki í umhverfi íslensku krónunnar.

# Drifkraftur nýrrar sóknar



## Drifkraftur í iðnaði

Því næst sögðu forráðamenn fjögurra ólíkra iðnfyrirtækja kraftmiklar reynslu-sögur sem endurspeglar drifkraftinn í íslenskum iðnaði. Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri JÁVERKS, rakti hvernig stóru byggingaverktakafyrirtæki reiddi af í bankakreppunni en fyrirtækið varð að draga hratt úr starfsemi sinni á þeim tíma. Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, lýsti hvernig fyrirtækið hefur vaxið úr lítilli kaffibrenslu í umfangsmikla iðnaðarframleiðslu og veitingaþjónustu. Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis, fjallaði um vöxt í heilbrigðis-

tækni en Kerecis er eitt þeirra fyrirtækja sem hafa þróað vörur úr vannýttu hráefni með nýrri tækni. Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets á Selfossi, sagði frá því hvernig fyrirtækið hefði lagað sig að breyttum aðstæðum í árunna rás með því að leggja áherslu á hátt tæknistig, framleiðni og gæðavitund. Innanlandsmarkaður hrundi og stjórnendur félagsins sóttu á erlenda markaði með ágætum árangri.

Nálgast má myndbandsupptökur með öllum erindum á [www.si.is](http://www.si.is)





# Ályktun Iðnbings

## Drifkraftur nýrrar sóknar

1. Stöðugleiki er forsenda kraftmikils atvinnulífs
2. Fyrirtæki þurfa samkeppnishæfar aðstæður í vaxtamálum
3. Afnáam hafta og viðurkenndur gjaldmiðill skapa samkeppnishæfni fyrirtækja
4. Hámarkum framleiðni, verðmætasköpun og útflutningstekjur
5. Aukum fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum til að standa undir hagvexti framtíðarinnar og almennri velferð
6. Hvetjum til aukinnar innlendrar og erlendrar fjárfestingar í iðnaði og nýsköpunar í hvers konar fyrirtækjum
7. Ljúka ber aðildarviðræðum við ESB og þjóðin ráði úrslitum
8. Einföldum skattkerfið m.a. með afnámi vörugjalda og lækkun tryggingagjalds.
9. Eflum iðn- og tæknimenntun í landinu með aukinni samvinnu skóla og fyrirtækja
10. Hagtölur um iðnað á Íslandi þurfa að endurspeglar stöðu og þróun nýrra greina

Íslenskur iðnaður er fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr og drifkrafta hans verður að virkja til fulls. Skapa þarf samstarf og einurð í landinu um að keppa markvisst að því að koma Íslandi í fremstu röð. Við eigum í harðri samkeppni við lönd sem fylgja skýrri framfarastefnu og sækja hart fram til að laða til sín bestu starfskraftana og fyrirtækin. Eina svarið er að efla samkeppnishæfni Íslands og þá þarf mikið að breytast. Til þess þarf langtímahugsun í stað kollsteypa í stjórnarframkvæmd. Fram verður að koma heildstæð framtíðarsýn og markvissar aðgerðir sem endurreisa þá umgjörð sem allt atvinnulíf verður að njóta til að sækja fram. Þar ber hæst stöðugleika í hagstjórn, heilbrigða markaði, framúrskarandi starfsskilyrði og opinn markaðsaðgang.

Iðnþing kallar eftir samstilltri sókn um að hámarka framleiðni, verðmætasköpun og gjaldeyrstekjur og Samtök iðnaðarins munu hvetja og styðja aðildarfyrirtæki sín til að leggja sitt af mörkum auk þess að efna til samræðu í samfélaginu um þessi markmið.

Atvinnulífið þarf að öðlast trú á að afnáam hafta sé forgangsmál íslenskra stjórnvalda. Skoða ber strax afnáam haftanna á lágum greiðslum og einföldun allrar stjórnsýslu þeirra. Viðurkenndur gjaldmiðill er forsenda samkeppnishæfni fyrirtækja sem geta ekki búið við það háa vaxtastig sem hér er.

Nýsköpun þarf að efla með skattalegum hvötum og eflingu samkeppnissjóða. Sólarlagsákvæði í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þarf að fella niður. Festa þarf í sessi að vinna á byggingarstað við byggingu íbúða- og frístunda-húsnæðis sé undanþegin VSK.

### Ályktun SI um ákvörðun ríkisstjórnar um slit á aðildarviðræðum

Samtök iðnaðarins mótmæla ákvörðun ríkisstjórnarinnar um algjör slit á aðildarviðræðum við ESB. Með henni fer ríkisstjórnin gegn stórum hópi iðnfyrirtækja sem vilja að skoðað verði til hlítar hvort samkeppnishæfni þeirra sé betur tryggð innan ESB eða utan, og hvort ekki megi ná samningum þar sem staðinn er vörður um hagsmuni Íslands.

Samtök iðnaðarins gerðu nákvæma hagsmunagreiningu með víðtækum viðtölum við forsvarsfólk iðnfyrirtækja af öllum gerðum árið 2010 vegna aðildarumsóknarinnar. Nýlega var ákveðið að leita eftir samstarfi við utanríkisráðuneytið um að leiða í ljós hvernig þessum samningsmarkmiðum reiddi af í aðildarviðræðunum svo þá niðurstöðu megi kynna öllum félagsmönnum SI. Þá er og beðið skýrslu Alþjóðamálastofnunar fyrir atvinnulífið. Yfirlýst ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú er ekki tímabær og aðrir mildari kostir augljósir.

Í aðgangi að innri markaði Evrópu-sambandsins felast einir mikilvægustu þjóðarhagsmunir Íslendinga. Mikilvægt er að varðveita stöðu Íslands sem trúverðugs þátttakanda á innri markaði Evrópu í ljósi viðkvæmrar efnahagslegrar stöðu Íslands.

Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að endurskoða ákvörðun sína og láta meta hagsmuni íslensku þjóðarinnar ítarlega áður en til frekari aðgerða verður gripið.

Samþykkt af stjórn SI 26.02.2014



Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana. Sjá nánar á [www.gsi.is](http://www.gsi.is)



## Breytingar í stjórn LABAK

Aðalfundur Landssambands bakameistara, LABAK, var haldinn 15. mars. Jóhannes Felixson ákvað að draga sig í hlé eftir að hafa setið í stjórn undanfarin 16 ár, þar af 7 sem formaður. Nýr formaður LABAK er Jón Albert Kristinsson, bakameistari í Björnsbakarí.

Jón Albert hefur langa reynslu af félagsstörfum, bæði fyrir LABAK og Samtök iðnaðarins. Jóhannes var kvaddur með virktum og honum þakkað langt og óeingingjarnt starf í þágu félagsins. Tveir aðrir stjórnarmenn létu af störfum á aðalfundinum, Hjálmar E. Jónsson, Sveinsbakarí og Vilhjálmur Þorláksson, Gæðabakstri/Ömmubakstri. Þeim voru einnig þökkúð vel unnin störf. Jón Heiðar Ríkharðsson, Okkar bakarí og Sigurður M. Guðjónsson, Bernhöftsbakarí, voru kosnir meðstjórnendur í þeirra stað. Aðrir í stjórn eru Sigurður Enoksson, Hérastubbi og Sigþór Sigurjónsson, Bakameistararnum. Samtök iðnaðarins þakka fráfarandi stjórnarmönnum ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óska nýrri stjórn velfarnaðar.



## Birtir til á bygginga- og verktakamarkaði

Árlegu Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins, sem haldið var á Grand Hótel í febrúar, var fullt út úr dyrum. Fyrstur á mælendaskrá var Dagur B. Eggertsson sem kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir Reykjavíkurborgar. Þrátt fyrir kosningaár eru framkvæmdir 10% minni en í fyrra eða 8,5 milljarðar króna. Dagur kynnti helstu verkefni einkaaðila vítt og breitt innan borgarmarkanna á næstu misserum og árum. Ef þau áform ganga eftir verður líflegt á bygginga- og verktakamarkaði.

Halldóra Vífilsdóttir kynnti framkvæmdir á vegum ríkisins. Vegna stefnu ríkistjórnarinnar um hallalaus fjárlög var nokkrum stórum fjárfestingarverkefnum frestað. Framkvæmdir Velferðarráðuneytis nema rúmum þremur milljörðum króna en samtals eru áformuð verkefni fyrir 6,8 milljarða á árinu.

Vignir Albertsson kynnti hefðbundnar framkvæmdir Faxaflóahafna og að auki áhugaverð áform bandaríska fyrirtækis-

ins Silicor Materials um að reisa sílikon verksmiðju á Grundartanga en það verkefni nemur 70 milljörðum króna. Að sögn Vignis er skammt í að endanlega ákvörðun verði tekin.

Í kynningu Landsvirkjunar kom fram að orkusölusamningar vegna uppbyggingar á Bakka eru á lokastigi og vonast er til að þeim ljúki innan skamms. Verði niðurstaðan jákvæð verður hafist handa við útboð undirbúningsframkvæmda á þeistareykjum í sumar og byggingaframkvæmdir þarnaesta sumar.

Hildigunnur H. Thorsteinsson sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sem hyggst verja fjórum milljörðum króna til fjárfestinga en það er heldur meira en í fyrra en OR hefur fylgt ströngu aðhaldsferli sem nú sér fyrir endann á.

Af kynningum á Útboðsþingi má ráða að heldur sé að birta til á bygginga- og verktakamarkaði.

# Glæsilegur HönnunarMars



HönnunarMars var formlega settur í Hörpu fimmtudaginn 27. mars og stóð til sunnudags 30. mars. Að vanda báru íslenskir hönnuðir og arkitektar hita og þunga af fjölbreyttri dagskrá hátíðarinnar. Að þessu sinni voru á annað hundrað viðburðir, innsetningar og sýningar í boði víða um borg yfir hátíðardagana.

Meðal dagskrárliða var glæsileg sýning á íslenskum húsgögnum í Hörpu sem Félag húsgagnaframleiðenda stóð fyrir þar sem framúrskarandi hönnun og frábært handbragð haldast í hendur. Í Hörpu gaf einnig að líta skartgripasýningu Félags íslenskra gullsmiða. Báðar sýningar tókust einstaklega vel og áætla má að um ríflega 30.000 manns hafi lagt leið sína í Hörpu um helgina.



## Glæsilegt Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmóti iðn- og verkgreina 2014 – ásamt Framhaldsskólakynningunni 2014 – var haldið dagana 6. – 8. mars í Kórnum í Kópavogi. Keppnin var sú stærsta sem haldin hefur verið frá upphafi, hér á landi, og alls kepptu um 180 keppendur í 24 greinum.

Á Framhaldsskólakynningunni voru fjölmargar sýningagreinar með sérþáa þar sem gestir og gangandi fengu tækifæri til þess að prófa ýmislegt skemmtilegt. Um 7000 grunnskólanemendur komu í heimsókn – auk fjölda annara gesta – og tóku nemendur þátt í fræðandi ratleik sem leiddi þau skipulega í gegnum keppnissvæðið.

Úrslit Íslandsmótsins er að finna á [www.verkidn.is](http://www.verkidn.is)

Verkiðn stendur fyrir Íslandsmóttinu verk- og iðngreina hérlandis og þátttöku Íslendinga á "World skills".



## Matvælalandið Ísland

Matvælalandið Ísland hélt ráðstefnu á Hótel Sögu fimmtudaginn 20. mars undir yfirskriftinni „Vöxtur í ferðapjónustu – er maturinn tilbúinn?“.

Á ráðstefnunni var fjallað um þróun matarferðamennsku hér heima og erlendis og tækifærin sem hún felur í sér. Ami Hovstadius frá VisitSweden ræddi um reynslu Svía af markaðssetningu Svíþjóðar sem matvælalands. Svíar telja að sú stefna hafi skilað ótvíræðum árangri, m.a. því að erlendir ferðamenn sýna sænskum mat meiri áhuga en áður og að útflutningur matvæla hafi aukist marktækt.

Laufey Haraldsdóttir, lektor í Háskólanum á Hólum, greindi frá þróun matarferðapjónustu á Íslandi og Mário Frade, vörumerkjastjóri, Nóa Síriusi, lýsti því hvernig fyrirtækið hefur þróað markaðsáætlanir til að höfða til ferðamanna. Í öðrum hluta ráðstefnunnar var rætt um viðbrögð Íslendinga við fjölgun ferðamanna, framboð af íslensku hráefni og veitingaþjónustu og hvernig menningar- og matartengd ferðaþjónusta hefur þróast á síðustu árum. Að erindum loknum voru pallborðsumræður. Aðgangur var ókeypis en alls hlýddu um 180 manns á erindin.

Unntökur af erindum og glæsur má nálgast á vef Bændasamtakanna.

### Malbikun KM hlýtur D - vottun

Malbikun KM ehf. hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

Kristján B. Árnason og Margrét Stefánsdóttir stofnuðu Malbikun KM árið 1998. Meginstarfsemi fyrirtækisins er malbikunarframkvæmdir og verkefni þeim tengd. Fyrirtækið tekur einnig að sér jarðvinnuverkefni.

Malbikun KM hefur unnið að stórum sem smáum verkefnum víða um land auk þess að sinna öðrum sérhæfðari verkum.



## Hvað er að fréttu?

*Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is) Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið [rakel@si.is](mailto:rakel@si.is)*



# Styrkir veittir til eflingar tækni- og forritunarkennslu

Styrkir úr sjóðnum Forritarar fram-tíðarinnar voru afhentir í Ráðhúsinu í febrúar. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti styrkina í viðurvist kennara og nemenda í þeim grunnskólum sem hlutu styrkina að þessu sinni.

Sjóðnum bárust alls 49 umsóknir, flestar frá grunnskólum, en alls var sótt um 930 tölvur/spjaldtölvur, forritunarkennslu fyrir 2.700 nemendur og 340 kennara. „Viðbrögðin fóru fram úr björtustu vonum og óhætt er að segja að þörfin sé mikil. Helsta verkefni sjóðsins núna er að fá fleiri bakhjarla til þess að geta styrkt fleiri verkefni.“ segir Katrín Dóra Þorsteinsdóttir formaður stjórnar sjóðsins.

Virði styrkjanna er á fjórðu milljón króna og þeir skiptast á milli fjögurra skóla að þessu sinni: Grunnskóla Bolungarvíkur, Áslandsskóla í Hafnarfirði, Brúarskóla í Reykjavík og Kópavogsskóla. Styrkirnir eru í formi tölvubúnaðar, þjálfunar kennara til forritunarkennslu og forritunarnámskeiða fyrir nemendur. Innifalið er þjálfun, handleiðsla og eftirfylgni sem Skema sinnir.

## Atvinnulífið tekur höndum saman

Að sjóðnum koma fyrirtæki af öllum



stærðum og leggja þau honum lið með ýmsum hætti, svo sem með fjárframlögum, tæknibúnaði, þekkingu og ráðgjöf. Bakhjarlar sjóðsins eru Nýherji, Íslandsbanki, Landsbankinn, Microsoft, RB, CCP og Cyan veflausnir. Sjóðurinn stefnir á að úthluta styrkjum tvisvar á ári.

## Skortur á tæknimenntuðu fólki

Upplýsingatæknigeirinn vex hratt og segja má að fáar atvinnugreinar geti nú

þrífist án tækni. Ísland stendur frammi fyrir skorti á tæknimenntuðu fólki en samkvæmt skýrslu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka iðnaðarins brautskrást um 500 manns á ári af raungreina- og tæknisviðum háskóla landsins en þörfin er um 1.000 manns.



## Niðurstöður ánægjuvogarinnar kynntar

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2013 voru kynntar hinn 4. mars en þetta er fimmtánda árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með slíkum hætti. Niðurstöður voru birtar fyrir 21 fyrirtæki í 6 atvinnugreinum en þær byggjast á 200-1300 svörum viðskiptavina hvers fyrirtækis.

Í ár var afhent viðurkenning í tveimur flokkum; raforkumarkaði þar sem HS orka fékk viðurkenningu með 62,9 stig af 100 mögulegum og farsímamarkaði þar sem Nova var með marktækt hæstu einkunnina, 72,6 stig. Ekki voru afhentar viðurkenningar á bankamarkaði, trygg-

ingamarkaði, í flokki olíufélaga eða fyrir sigurvegara ársins en ÁTVR mældist með hæstu einkunnina í ár, 74,1, sem reyndist ekki tölfræðilega marktækt hærra en einkunn Nova, sem var næsthæst.

Íslenska ánægjuvögin er félag í eigu Samtaka iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup en Capacent Gallup sér um framkvæmd mælinga. Markmið félagsins er að stuðla að samræmdum mælingum á ánægju viðskiptavina milli atvinnugreina og fyrirtækja og áhersla er lögð



á staðlaðar spurningar þvert á markaði. Íslenska ánægjuvögin byggist á 11 spurningum en auk ánægjuvogarþáttarins eru mældir þættir sem tengjast ímynd fyrirtækisins, væntingum viðskiptavina og mati þeirra á gæðum, verðmæti vöru og þjónustu og tryggð.

# Menntadagur atvinnulífsins



Heimurinn borgar þér ekki fyrir það, sem þú veist, heldur fyrir það sem þú gerir á grundvelli þess sem þú veist. Þetta er meðal fjölmargra atriða sem Dr. Andreas Schleicher, yfirmaður menntamála hjá OECD, ræddi á Menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var 3. mars síðastliðinn. Dr. Schleicher segist bjartsýnn á að íslenskt menntakerfi geti orðið eitt það besta á heimsvísu.

Um 300 manns úr atvinnulífi, stjórnámum og menntakerfi tóku þátt í Menntadeginum á Hilton Reykjavík Nordica auk þeirra fjölmörgu sem fylgdu með dagskránni í beinni útsendingu. SAF, SI, SVÞ, SF, SFF, LÍÚ, SA og Samorka stóðu að deginum. Þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúar ólíkra atvinnugreina halda sameiginlegan menntadag.

**Samskip og Nordic Visitor hljóta Menntaverðlaun atvinnulífsins 2014**  
Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt í fyrsta sinn fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Samskip voru tilnefnd sem Menntafyrirtæki ársins 2014 en ferðaþjónustufyrirtækið Nordic Visitor var tilnefnt Menntasproti ársins 2014. Auk heiðursins hljóta starfsmannafélög fyrirtækjanna 100 þúsund krónur hvort.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin.

Auk Samskipa voru Isavia, Landsbankinn og Rio Tinto Alcan á Íslandi tilnefnd en fyrirtækin leggja öll áherslu á mikilvægi menntunar og hafa skýra mennta- og fræðslustefnu sem er fylgt eftir. Við mat á tilnefningum voru gæði fræðslunnar metin og kannað hvort mennta- og fræðslustefnan hafi eft menntun innan fyrirtækjanna og aukið samkeppnishæfni þeirra.

Auk Nordic Visitor voru Codland, Landsnet og Leikskólinn Sjáland tilnefnd en þau hafa öll lagt aukna áherslu á fræðslu- og menntamál í rekstri sínum. Við mat á tilnefningum var skoðað hvort farnar hefðu verið nýjar leiðir við efling menntunar innan fyrirtækjanna og þátttöku starfsmanna í fræðslustarfinu.

## Svipmyndir frá



## Mikill kraftur á Litla Íslandi



Tveir morgunfundir hafa verið haldnir í fundaröð sem Litla Ísland stendur fyrir.

Á fyrri fundinum voru kynntar niðurstöður stefnumótunarfundar samstarfsvettvangsins. Niðurstöðum þeirrar vinnu má lýsa í einni setningu: Stóra lausnin í atvinnumálum þjóðarinnar er smá. Samkvæmt könnun, sem gerð var fyrir Litla Ísland síðastliðið haust, vilja lítil fyrirtæki hér á landi fjölga störfum um 14.000 á næstu þremur til fimm árum. Verkefnið er vel viðráðanlegt því að um helmingur

fyrirtækjanna gerir ráð fyrir að fjölga starfsmönnum um tvo til fjóra á næstu árum.

### Mikill áhugi á fundi Litla Íslands um fjármögnun lítilla fyrirtækja

Á seinni fundinum var fjallað um fjármögnun lítilla fyrirtækja. Fulltrúar frá Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka og MP banka fóru þar yfir þjónustu sem sniðin er að litlum fyrirtækjum. Auk þess að ræða þá þjónustu, sem bankarnir veita, svöruðu frummælendur fjölmörgum spurningum fundarmanna og hvöttu þá til að koma í næsta útibú til að sjá hvað er í boði fyrir lítil fyrirtæki. Bankamennirnir þökkðu jafnframt fyrir ábendingar fulltrúa litlu fyrirtækjanna í salnum varðandi það sem betur má fara að þeirra mati.

# Árshófi SI 7. mars



Lúðrasveit verkalýðsins leiddi gesti til borðs



Formaður SI Guðrún Hafsteinsdóttir setti hófið og bauð gesti velkomna



Sigsteinn P. Grétarsson Marel, veislustjóri



Katrín Pétursdóttir, Lýsi, ræðumaður á hófinu



Helgi Björnsson söng Hauk Morthens og kenndi Eyjólfí Árna nýjum stjórnarmanni SI nokkur vel valin dansspor



# Kaka ársins komin í bakarí um land allt

Íris Björk Óskarsdóttir, nemi hjá Sveinsbakaríi, bar sigur úr býtum í keppni um Köku ársins sem Landssamband bakameistara efnir árlega til. Sala á kökunni í bakaríum félagsmanna Landssambands bakameistara hófst á konudaginn.

Keppnin um Köku ársins fer þannig fram að keppendur skila inn kökum sem dómarar meta og velja úr þá sem þykir sameina þá kosti að vera bragðgóð, falleg og líkleg til að falla sem flestum í geð. Keppnin var haldin í samstarfi við Nóa Sírius.

Alls bárust 20 kökur í keppnina að þessu sinni. Sigurkakan er karamellu-súkkulaðiterta með anís og rauðum Ópal.



Hún er lagskipt, m.a úr browniesbotni, púðursykurmarengs og karamellusúkkulaðimousse. Kakan er hjúpuð dökkum súkkulaðihjúp með keim af rauðum ópal.

Dómarar í keppninni voru Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá Samtökum iðnaðarins, Auðjón Guðmundsson, vörumerkjastjóri hjá Nóa Síriusi, og Ásthildur Guðmundsdóttir, kennari við Bakaradeild Hótel og matvæslaskólans.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fékk fyrstu kökuna

afhenta í iðnaðarráðuneytinu. Hún brást glöð við og bauð öllum konum ráðuneytisins að njóta kökunnar með sér í tilefni komandi konudags. Hún sagðist bera hag íslensks iðnaðar mjög fyrir brjósti og sagðist fagna þeirri fagmennsku, drifkrafti og framsækni sem sjá mætti víða í iðnaðinum.

# Níu þúsund manns sóttu UT messuna

Tilgangur UT messunnar, sem er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum, er að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikill þessi grein er orðin hér á landi en öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins og taka þátt með einum eða öðrum hætti og hvetja þannig fólk til að kynna sér um hvað tölvuiðnaðurinn nýst.

Í boði voru 60 áhugaverðir fyrirlestrar, sýningarbásar helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins, Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema og örmessur þar sem flutt voru stutt og fróðleg erindi. Þá gafst gestum kostur á að spreyta sig á forritun með aðstoð barna og sjá hvað hægt er að gera með Mindstorm LEGO kubbum og tækni, hvernig þrívíddarprentarar virka og kynnast nýjustu tækni í tölvuleikjum svo að nokkuð sé nefnt.

Rakel Sölvadóttir, stofnandi Skema fékk



UT verðlaun Ský 2014 en þetta er í fimmta sinn sem verðlaunin eru veitt. Í rökstuðningi valnefndar segir að Rakel sé hugsjónamanneskja og frumkvöðull sem sýnt hafi hversu mikilvægt það er að vera jákvæður og trú á sjálfan sig og hugmyndir sínar. Rakel stofnaði sprotafyrirtækið Skema árið 2011 en það hefur vaxið á ógnarhraða frá stofnun. Um mitt síðasta ár stofnaði Rakel fyrirtækið reKode Education í Bandaríkjunum, sem byggist á sömu hugmyndafræði og Skema en það hefst kennsla í apríl.

Markmið Skema er að uppfæra menntun í takti við tækniþróun. Fyrir-

tækið heldur námskeið í forritun fyrir börn frá 7 ára aldri. Jafnframt leggur Skema mikla áherslu á endurmenntun kennara og heldur því námskeið um notkun upplýsingatækni í kennslu ætluð kennurum ásamt ráðgjöf við að innleiða notkun tækni og kennslu í forritun í almennu skólastarfi. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti Rakel verðlaunin.